

## Hryllingsaga vondu veirunnar. Lygavefur?

Viðtalið, sem vísað er til neðanmáls, er afar fróðlegt, en gæti raskað hugarró lesanda, skapað óöryggi og ótta. Það stuðlar varla að trausti sauðsvarts almúgans á lýðræði, yfirvöldum og alþjóðlegum stofnunum. Boðskapurinn minnir á fléttu úr James Bond mynd, jafnvel þótt en séu ekki öll kurl komin til grafar. En svo má barasta banda þessu frá sér sem samsæriskenningu. (Hljóðið í síðustu tilvísuninni er mjög gott og þar er unnt að töfra fram texta. Gott fyrir okkur, sem ljá eyra mörgum nýjum hugtökum.) Ég reyni að miðla nokkrum aðalatriðum.

Það eru tveir aðalleikendur, báðir afskaplega áheyrilegir, tala ensku. Annars vegar er David E. Martin, doktor í lífeðlisfræði frá háskólanum í Virgíníu. Hann er stofnandi og formaður „MCAM alþjóðlegrar áhættustýringar (International Innovation Risk Management), greiningarfyrirtækis, sem nýtur alþjóðlegrar virðingar og er jafnframt eins konar ábyrgðaraðilji í sambandi við gildi óefnislegra eigna og viðskipta með þær. (<https://www.m-cam.com/about-us/>)

Hinn er Reiner Fuellmich (Fuellmich), þýsk-bandarískur lögfræðingur, sem rannsakað hefur svikamyllur stórfyrirtækja á borð við Deutsche Bank og Volkswagen. Reiner er jafnframt einn fulltrúa í þýsku rannsóknarnefndinni um kórónafaraldurinn (German Corona Investigative Committee). Rannsóknarstarfið hefur m.a. falist í viðtölum við sérfræðinga víðs vegar um veröldina. Reiner gerir þennan samanburð á ofangreindri spillingu við kórónasvikamylluna:

„Ofangreind tilvik um spillingu og svik, framin af þýsku samsteypunum, blikna í samanburði við þá skaðsemi, sem kórónukreppan hefur valdið og veldur enn. Í ljósi þeirrar vitneskju, sem við búum yfir á líðandi stundu, verður að endurnefna kreppuna kórónuhneykslið. Það verður að draga hina ábyrgu fyrir rétt vegna afbrota sinna, lögsækja fyrir samfélagslegt tjón. Það skal einskis ófreistað til að tryggja það, að engum verði aftur gert kleift að öðlast þvíumlíkt vald á vettvangi stjórnmalanna til að svíkja mannkyn eða ráðskast (manipulate) með okkur af spillingarásetningi.“ (Hér er sjálfsgreinargerð hans og úrdráttur úr hryllingssögunni, málatilbúnaður hans: <https://www.aeginagreece.com/aegina-island/wp-content/uploads/2020/12/Transcript-testimony-Reiner-Fuellmich-.pdf>)

Nú hefur David Martin upp raust sína: Yfirlýsing þess efnis, að um nýja veiru sé að ræða, er rangfærsla. Borin var saman sú röð arfbera, sem „Alþjóðleg nefnd um veiruflokkun“ (International Committee on Taxonomy of Viruses) á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization – WHO), taldi sig

hafa einangrað, og borin saman við skráningar einkaleyfa, sem fyrir lágu árið 2020. Í ljós kom, að fyrir lágu 120 einkaleyfi, sem sýndu fram á hið gagnstæða.

Meðal þessara einkaleyfa var umsókn Pfizer um að nota broddhvítu (spike protein) til dýralækninga.

Anthony Fauci (f. 1940), forstjóri Sóttvarna- og smitsjúkdómastofnunar Bandaríkja Norður-Ameríku (National Institute of Allergy and Infectious Diseases – NIAID) mat nothæfni (malleability) kórónuveirunnar á þann veg, að vel mætti nota hana við framleiðslu bóluefnis gegn alnæmisveirunni (human immunodeficiency virus – HIV).

Það ber ekki að líta á bráðaöndunaröng sem dýrkvæman eða tegundahverfan (zoonotic) sjúkdóm, þ.e. sjúkdóm, sem smitast í menn úr dýrum. Í raun réttir ber ekki að líta á SARS-veiruna sem náttúrulega þróun breyttrar, tegundahverfrar kórónuveiru. (Severe acute respiratory syndrome coronavirus - SARS – undirtegund hans, auðkennd með tölustafnum 2, veldur covid-19 sjúkdómnum.)

Reyndar er það svo, að Anthony Fauci fjármagnaði tilraunir, þegar árið 1999, við háskólann í Norður-Karólínu, Chapel Hill, sérstaklega í þeim tilgangi að skapa sýkta eftirmynd ófullkominnar kórónaveiru. Hún er markvisst til þess gerð að sýkja þekjuvef lungnanna. Með öðrum orðum; „við bjuggum SARS til.“

Einkaleyfi á slíkri veiru var veitt 19. apríl 2002, mánuðum áður en meintur SARS-faraldur braust út í Asíu. Það er staðreynd, að okkur var kunnugt um herpingarumbreytthvatann eða -móttakann ACE, þ.e. hvítu eða prótein sem auðveldar kórónaveirunni tengingu við frumur líkamans og innrás í þær. (Angiotensin-converting enzyme -ACE receptor. Angíótensín veldur herpingi eða samdrætti í æðaveggjum og þar með auknum blóðþrýstingi.)

Okkur var sömuleiðis kunnugt um broddhvítuna (spike protein) og aðra þætti í veirunni, sem nú er þekkt sem skaðvænleg sóttkveikja (pathogen).

Það var ekki bara svo, að hún væri búin til, heldur var unnt að framkvæma gerviumbreytingu (synthetic) á rannsóknarstofu, með þeim einfalda hætti að beita arfberaraðtækni samkvæmt tölvulykli (code). Þannig varð til sóttkveikja eða milligerð af sóttkveikju.

Notuð tækni var fjármögnuð í upphafi veiruframleiðslunnar til þess að virkja kórónaveiruna sem smitbera fyrir alnæmisbóluefni.

Það olli okkur hugarangri, að kórónaveiran væri ekki einungis hugsanlegur, umbreyttur smitberi í bóluefni, heldur kom það skýrt fram, að hún gæti líka orðið sýklavopn. Við kynntum þessar áhyggjur í skýrslu, áður en SARS faraldursins varð vart síðla árs 2001.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir, að kórónaveiran er í raun ekki ný af nálinni og hefur ekki varið það síðustu tvo áratugin. Hún hefur reyndar verið hluti arfberaraðar, sem hefur verið í umferð töluverðan tíma.

Þetta olli vandræðum fyrir „Sjúkdóms- og heilsuverndarstofnun Bandaríkja Norður-Ameríku“ (Centers for Disease Control and Prevention – CDC) í apríl 2003, því að skrá alla arfberaröðina, sem síðar varð að SARS veirunni, fól í sér brot á bandarískum lögum. Það er ekki leyfilegt að sækja um einkaleyfi á náttúrulegu efni.

Einkaleyfisumsóknin náði ekki einasta til arfberaraðar SARS kórónaveirunnar heldur einnig til aðferðar við að komast á snoðir um hana eða greina, þ.e.

„kjarngreiningartæknina“ eða RT – PCR (real-time polymerase chain reaction). Slíkt einkaleyfi skapar einokun. CDC réttlætti þetta með frelsi allra til að rannsaka kórónuveiruna. En það er lygi. Ástæðan er sú, að einkaleyfisstofan hafnaði í tvígang umsókn um einkaleyfi, þar eða arfberaröðin var almennt aðgengileg.

Með öðrum orðum; áður en CDC lagði inn einkaleyfisumsókn, komst stofan að því, að 99.9% samsömun væri að finna við kórónaveiru, sem þá þegar var kunn í allmannarýminu. Viðbrögð CDC voru þau að sækja aftur um einkaleyfi 2006 og greiða áfrýjunargjald. CDC virti höfnun einkaleyfisstofunnar að vettugi og fékk að lokum árið 2007 einkaleyfi á SARS kórónuveirunni.

Hrekja má opinberar yfirlýsingar CDC þess efnis, að gjörningurinn hafi verið í almannabágu. Einkaleyfisskrifstofunni var mútað og aukagjald greitt til að einkaleyfið færi leynt.

Hvað Cov2 veiruna varðar (kórónaveira af undirtegund 2, sem er orsök Covid-19 sjúkdómsins), er ljóst, að hún er að 89 til 99% sömu gerðar og einkaleyfisgerðin. Það er enn fremur ljóst, að kjarni SARS veirunnar – sem er raunar grein (clade) Beta-kórónuveirufjölskyldunnar – og ættkvíslin (subclade), sem nefnd hefur verið SARS Covid 2, verða að skarast af flokkunarfræðilegum sjónarhóli séð.

Þrem dögum, eftir að CDC sótti um einkaleyfi á veirunni, sótti Sequoia Pharmaceutical, stofnsett árið 2002, um einkaleyfi á bóluefni við henni. Það nú hluti af eignasafni Pfizer, Johnson og Johnson, og fleiri.

Þetta er skilgreining glæpsamlegs samsæris, fjárglæfra og leynimakks. Hér er ekki um samsæriskenningu að ræða heldur sönnunargögn.

Umsókn Moderna um einkaleyfi á SARS Cov2 skaut upp kollinum samkvæmt upplýsingum frá bólusetningarmiðstöð NIAID, áður en skilgreining hinnar nýju ættkvíslar lá fyrir.

Árið 2008, þegar „Hátæknivarnarstofnun“ Bandaríkjanna (Defense Advanced Research Projects Agency – DARPA), sótti lyfjafyrirtækið Ablinks, nú Sanofi, um einkaleyfi á fjölbásískri skorustaðsetningu (polybasic cleavage site) fyrir nýju broddhvítuna (spike protein) og sömuleiðis fyrir tengisvæði ACE2 móttakans. Þetta er nú sögð SARS Covid 2 nýlunda.

Leyfisveitingarnar voru gefnar út, eftir að bann við rannsóknum á starfsemisauka (gain of function) tók gildi árið 2014 og eftir að „Mið-austurlanda kórónu- andnauðarheilkennisims“ (Middle East respiratory syndrome – MERS) varð vart. En í ljós hefur komið, að á árabílinu 2016-2019 voru gefin út einkaleyfi, sem náðu til allra þátta ríbósakjarnsýrunnar (ribonucleic acid – RNA) og einnig til undirþátta arfberaþátta. Einkaleyfishafar eru m.a. Ablinks og Sanofil.

Það skall því enginn SARS faraldur á, því við höfðum búið til alla þætti veirunnar árið 2016. Rannsóknirnar, sem fjármagnaðar voru, meðan á banni við starfsemisaukanum (gain of function) stóð, urðu grundvöllur að þeirri staðhæfingu, að framleiðsla veirunnar væri undirbúningur (poised for) fyrir hugsanlegt neyðarástand í mannheimum. En einkaleyfið náði líka til hagnýtingar á markaði.

Greinin um niðurstöður rannsókna var skrifuð af Ralph Steven Baric (f. 1954), prófessor í farsóttar-, örveru- og ónæmisfræði við háskólann í Norður Karólínu að Chapel Hill. Hann er náinn samstarfsmaður Anthony Fauci og kínversku „leðurblökukonunnar, Shi Zhengli (f. 1964).

NIAID, stofnunin, sem Anthony Fauci veitir forstöðu, fyrrgreindur háskóli, ásamt Moderna, sem Anthony á hlut í, hófu framleiðslu á bóluefni, mánuði áður en covid-19 faraldurinn braust út í Kína. Reyndar hafði Anthony lýst því yfir í nóvember 2019, að Moderna, yrði í fararbroddi framleiðslu á covid-19 bóluefni, enda þótt fyrirtækið hefði aldrei komið vöru á markað.

Hugtakið, hin nýja viðmiðun (new normal) bar fyrst á góma á fundum hjá lyfjafyrirtækinu, Moderna, og var síðar rætt á fundum hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), þar sem þátt tóku fulltrúar

sóttvarnarstofnunar Kína, Bill Gates (f. 1955) og Anthony Fauci. „Hið nýja viðmið“ felur í sér áróður fyrir alheimsflensu og alheimsbólusetningu við kórónaveirunni. Áætlun þessa efnis lá fyrir, þegar í janúar árið 2004. Hún endurspeglast einnig í viðbúnaðaráætlun Evrópusambandsins.

Anthony Fauci hafði borið sig illa undan því, að þjóð hans þróaðist við að þiggja bóluefni við Inflúensu. Því þótti skynsamlegt að taka tillit til slíks óvissuþáttar við framkvæmd ofangreindrar áætlunar, sem gerð var hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni í september árið 2019.

Mánuðum, áður en hin meinta, „nýja“ veira, andnauðarsóttkveikjan, var kynnt til sögunnar, lá fyrir viðbragðsáætlun við faraldri af völdum hennar. Markmiðið var, að í september 2020 væri náð stjórn á almannatengslum á alheimsvísu og að hjarðstýring og tilskipun til bólusetninga á allri heimsbyggðinni lægi fyrir.

Þetta var sem sé í september 2019. Í orðavalinu lá ásetningurinn um að sleppa lausri andnauðarsóttkveikjunni. Í sviðsmyndinni var gert ráð fyrir, að sleppingunni væri lokið um svipað leyti. Það kann að hljóma undarlega, en WHO sagðist hafa afmáð kórónarveiruna árin 2007 og 2008.

Mergurinn málsins er sá, að veiran þótti afar hentug til sýklahernaðar. Það er engum vafa undirorpið, að á árinu 2005 féll valið á veiruna í þessu tilliti. Því miður verðum við stöðugt vitni að því, að velviljað fólk lifi í þeirri trú, að svo hafi ekki verið.

Staðreynd málsins er sú, að málið snýst ekki um bólusetningu við veiru. Í fólk er sprautað broddhvítu í boð-ribósakjarnsýru (messenger RNA), sem er tölvuherma (computer simulation). Hún er ekki fengin úr náttúrunni. Um er að ræða tölvuhermu, sem hefur verið þekkt árum saman og nýtur einkaleyfis. Það er fullkomlega ljóst, að ekkert lyfjafyrirtæki hefur lagt til atögu við þessa veiru.

Breski dýrafræðingurinn, Peter Daszak, forstjóri „Umhverfisverndarsamtakanna“ (EcoHealth Alliance), sem m.a. eru fjármögnuð af Anthony Fauci og Bill Gates, sagði 2015:

„Það þarf að auka vitund almennings um aðgerðir í lækningaskyni eins og alhæfs bóluefnis við kórónaveirunni. Fjölmíðlar eru meginflvakinn. Fjármagnið fylgir í kjölfar blekkinganna (hype). Við verðum að nýta blekkingarnar til þess, sem máli skiptir. Fjárfestar munu bregðast [jákvætt] við, sjái þeir, að hilli undir gróðavon við lok ferlisins.“ (Birt í National Academy Press, 12. febrúar 2016.)

<https://thegreatdeception.is/whistle-blowers/dr-david-martin-exposes-the-covid-agenda/>

[https://www.bitchute.com/video/0iv3ayD0elrG/?fbclid=IwAR0xj7PC\\_HubNUf8W2YqYnATiUyDB-SCT4w8qhctx38-JDsSjSNL2Peall](https://www.bitchute.com/video/0iv3ayD0elrG/?fbclid=IwAR0xj7PC_HubNUf8W2YqYnATiUyDB-SCT4w8qhctx38-JDsSjSNL2Peall)

<https://www.facebook.com/randy.hillier/videos/530142078244383/>